

# FORMANNAFUNDUR KRAFTLYFTINGASAMBANDS ÍSLANDS

**Dagsetning:** Föstudagurinn 19. nóvember 2021

**Fundartími:** 17.00

**Fundarstaður:** Zoom

## Fundarmenn:

Gry Ek, formaður KRAFT (félagi í Ármanni)

Hinrik Pálsson, varaformaður KRAFT (félagi í Lyftingadeild Stjórnunnar)

Laufey Agnarsdóttir, ritari KRAFT (félagi í Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur)

Lára Bogey Finnbogadóttir, starfsmaður KRAFT (félagi í Kraftlyftingafélagi Akraness)

Ellert Björn Ómarsson (formaður Massa - Ungmennafélag Njarðvíkur)

Einar Örn Guðnason (formaður Kraftlyftingafélags Akraness)

Aron Friðrik Georgsson (formaður Lyftingadeild Stjórnunnar)

## 1. FUNDARSTJÓRI OG RITARI

Samþykkt að Gry verði fundarstjóri og Laufey ritari.

## 2. RIG REGLUGERÐ

Ný reglugerð um RIG (Reykjavík International Games). Gry fór yfir reglugerð. Meðal þess sem er áréttað í reglugerðinni er: RIG er klassískt mót, er á IPF calender, KRAFT fjármagnar mótið en aðildarfélög sjá um mótahald, fjöldi þáttakanda.

Umræða varð hjá fundarmönnum um fjölda þáttakanda og að í reglugerð þurfi að koma skýrt fram skipting á milli íslenskra og erlendra.

## 3. MÓTAREGLUR

Gry fór yfir reglugerð og þær breytingar sem stjórn KRAFT leggur til.

Atriði sem komu til umræðu:

- Breyta heitinu „öldungur“ í master eða meistari.
- Farið yfir hvenær keppandi má byrja að keppa, breyta í 14. aldursár.
- Farið yfir 5. og 6.grein að setja viðurlög við brotum. Formenn töldu réttara að vísa málum beint til dómstóls ÍSÍ þ.e. óháðan aðila en ekki stjórn KRAFT. Samþykkt að fá álit laganefndar KRAFT.
- Mótagjöld og hvort stærri hluti þeirra fari til KRAFT þ.s. KRAFT sinnir núna tölvumálum og streymi móta.
- KRAFT sjái um dómaratilnefningar.
- KRAFT sér um streymi - Verið að semja við Ása.
- KRAFT sér um tölvumál - Verið að gera samning við Róbert Kjaran.
- KRAFT hefur keypt sjúkratösku sem mun vera á öllum mótum.
- Mótshaldari leggur til stangarmenn.

Umræða varð um hvernig er hægt að leysa skort á stangarmönnum sem kemur upp alltaf þegar mót eru undirbúin. Fundarmenn voru sammála að þetta samtal þarf að taka á næsta Kraftlyftingapingi.

#### 4. AFREKSSTEFNA 2017-2025

Gry fór yfir stefnuna og þau áhersluatriði sem þarf að skoða. Atriði sem komu til umræðu:

- Kraftlyftingar vs. klassískar kraftlyftingarm, eigum við að styðja betur við búnaðarkraftlyftingar ?
- Smá stöðnun í nýliðun, er það vegna Covid ?
- Vantar þjálfara í kraftlyftingum.
- Auka þáttöku þeirra sem taka þjálfararéttindi.
- Bæta aðstöðu, þjóðarleikvangur kraftlyftinga á Íslandi.
- Kynna kraftlyftingar í framhaldsskólum ?
- KRAFT skori á aðildarfélög að kynna betur íþróttina í sínu nærumhverfi
- Fjölga skráningu iðkenda í félögum og á innanlandsmótum
- Farið yfir markmiðin, hvað á heima þar.
- Handbók mótshaldara er í vinnslu hjá stjórn og mun klárast fyrir áramótin.
- Umræða um lyfjaeftirlitið, fundarmenn sammála um lyfjapróf eigi að vera hluti af afreksstefnu KRAFT.
- Lyfjaeftirlit komi á ÍM mót.
- Lyfjaprófa alla landsliðsmenn.
- Efla landsbyggðarfélögin.
- Auka fjölmiðlun um sportið.
- Fjármögnun, þarf að skoða með fastan styrktaraðila.

#### 5. ÖNNUR MÁL

Gry tilkynnti fundarmönnum að hún ætlar ekki að bjóða sig fram í formann KRAFT á næsta ársþingi.

#### 6. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.18.35.